

Íbúafundur í Mýrdalshreppi

Inngangur

Eftirfarandi er samantekt sjónarmiða og ábendinga sem fram komu á íbúafundi í Mýrdalshreppi ytra 22. október 2020. Í samantektinni eru helstu sjónarmið sem fram komu á fundinum kynnt en sjónarmið fá ekki vægi á grundvelli fjölda þeirra sem töluðu fyrir þeim. Slík úrvinnsla felur alltaf í sér einföldun og túlkun þess sem það gerir. Teikningar frá íbúafundinum eru aðgengilegar á svsudurland.is og gefa góða innsýn í umræðurnar.

Á fundinum fór fram umræða í 6 hópum, en í samantektinni er helstu sjónarmiðum úr öllum hópum slegið saman eftir þeim spurningum sem lagðar voru fram.

Eiga sveitarfélögin fimm að halda áfram viðræðum og leyfa íbúum að kjósa um sameiningu þeirra?

Allir sem tjáðu sig voru sammála því að halda áfram viðræðum. Enginn lýsti andstöðu. Flestir á því að rétt sé að skoða málið betur og leyfa íbúum að ákveða.

Hvað ber að varast í sameiningarferlinu?

- Mikilvægt að hlusta á hinn almenna borgara. Passa að allar raddir fái að heyrast, sérstaklega frá jaðarsvæðum.
- Ekki gefa of miklar væntingar eða lofa því að ekkert breytist. Samfélagið mun breytast hvort sem af sameiningu verður ekki.
- Ekki gera ráð fyrir miklum sparnaði, frekar að hagræðing skili sér í bættri þjónustu.
- Þarf að passa að litlu jaðarsvæðin austast verði ekki útundan í þjónustu og uppbyggingu. Standa vörð um grunnþjónustu.
- Varast að vanmeta kostnað bæði við innleiðingu verkefnisins og í viðhaldi og fjárfestingum.

Hvað viljum við varðveita?

- Grunnþjónustuna á staðnum. Svo sem skóla, leikskóla og frístundastarf. Halda í þau störf sem eru og byggja á því sem fyrir er.
- Verja þá heilbrigðisþjónustu sem er til staðar. Læknir, hjúkrunarfræðingur, kennararnir, hjúkrunar- og dvalarheimilið.
- Þarf að fara í gegnum hvaða eignir sveitarfélögin vilja halda og skoða nýtingu eigna, t.a.m. nýting félagsheimila. Margar sögufrægar eignir.
- Halda utan um mannauðinn í sveitarfélaginu og þann góða og jákvæða anda sem ríkir.
- Varðveita skipulagsvald sveitarfélagsins.
- Verja þá þjónustu sem er betri í Mýrdalnum en annarsstaðar, t.d. sorphirðan.
- Gæta þarf að því að Katla jarðvangur þynnist ekki út, eða að UNESCO vottunin falli úr gildi.
- Bæjarhátíðir, markaðirnir og staðbundin menning eru mikilvægir þættir í menningu og ferðaþjónustu hvers staðar.
- Félagshimilið er vettvangur fyrir menningar- og listviðburði. Þorrablót, tónleika og þess háttar. Nýtist félagastarfsemi, svo sem eldri borgurum og Lions.
- Góð íþróttamannvirki til útivistar og frjálsra íþróttanna í Mýrdalnum.

Hvaða tækifæri liggja í sameiningu sveitarfélaganna?

- Styrkur svæðisins að standa saman í viðræðum við ríkið, meiri slagkraftur, sérstaklega í samgöngumálum.
- Hægt að styðja betur við einstaklinga og fyrirtæki en gert er í dag

- Fjármagn sem sparast við sameiningu nýtist í að ráða í sérfræðistörf innan sveitarfélagsins og auka sérhæfingu í störfum.
- Laun kjörinna fulltrúa verði betri og auðveldara að fá fólk til starfa í nefndum
- Heimastjórnir góður kostur – sérstaklega fyrstu árin á meðan aðlögun á sér stað. Hafa í öllum 5 sveitarfélögum.
- Byggður verði nýr leikskóli, og húsnæði grunnskólans bætt
- Byggt nýtt hjúkrunarheimili
- Samnýting tækja, sameiginleg innkaup og sameiginleg útboð mun skila árangri.
- Mikil tækifæri í að nýta Kötlu jarðvang betur.
- Sækja meira fram í atvinnumálum og markaðssetja svæðið betur. Skapast svigrúm til að vinna betur að atvinnuþróun.
- Verður hægt að byggja upp teymi starfsmanna á ýmsum sviðum, t.d. í markaðs-, kynningar-, menningarmálum og viðburðum.
- Hægt að búa til öflugra og faglegra slökkvilið
- Samnýta íþrótt- og ungmennastarf og efla þjónustu í lýðheilsu. Þjálfarar og leiðbeinendur séu færnlegir milli svæða og geti sinnt fleirum. Þjóða upp á fleiri greinar.
- Stærra félag eldri borgara sem nær yfir allt svæðið og skipuleggur starf þeirra. Býður upp á meira framboð. Hægt að ráða starfsmann til að sinna starfi eldri borgara.